

Björgvin Þorsteinsson hrl.

Tjarnargötu 4, 101 Reykjavík,
sími 561 0211, fax 561 0212

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ	
Bl. 631.4	Abm. ASA
Innk.: 16 JÚNÍ 2006	
DKM 06060209	

Dómsmálaráðherra,
Skuggasundi 3,
150 Reykjavík

Reykjavík 14. júní 2006

**Efni: Beiðni Árna Johnsen, kt. 010344-4259,
uppreist æru.**

um

Með dómi Hæstaréttar Íslands uppkveðnum þann 6. febrúar 2003 í málinu nr. 393/2002: Ákærvaldið gegn Árna Johnsen o.fl. var Árni Johnsen dæmdur til fangelsisvistar í 2 ár fyrir brot gegn 128., 147., 247. og 249., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Árni Johnsen afplánaði refsingu sína í fangelsinu að Kvíabryggju tímabilið 16. febrúar 2003 til 16. nóvember 2003, en frá þeim tíma var hann vistaður á áfangahæimili Félagasamtakanna Verndar þar til afplánun hans lauk með reynslulausn þann 11. febrúar 2004.

Með bréfi þessu óska ég eftir að Árna Johnsen verði veitt uppreist æru með vísan til 3. mgr., sbr. 1. og 2. mgr. 85. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 84. gr. sömu laga.

Árni Johnsen hefur hvorki gerst sekur um brot gegn almennum hegningarlögum né sérrefsilögum frá þeim tíma er hann lauk refsivist sinni og hefur hegðað sér óaðfínanlega á sama tímabili. Hefur hann verið virkur þátttakandi í þjóðfélaginu við ýmis verk sem snúa að menningu, ferðaþjónustu, skemmtunum og framförum á ýmsum sviðum. Sem dæmi má nefna eftirfarandi:

1. Strax að lokinni afplánun bauðst Árna vinna hjá tveimur sveitarfélögum á Vestfjörðum, Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi, við að koma með hugmyndir varðandi ferðaþjónustu, menningu og atvinnusögu sveitarfélaganna. Árni vann að verkinu í 5 mánuði og skilaði hugmyndum í 80 liðum. Fylgir með beiðni þessari yfirlýsing forseta bæjarstjórnar Vesturbyggðar þessu til staðfestu.
2. Árni hefur staðið fyrir tvennum tónleikum í Kerinu í Grímsnesi og hefur ágóði allur runnið til unglíngastarfs hestamanna á Suðurlandi og til stuðnings björgunarsveitinni Björgu á Eyrarbakka.
3. Árni vinnur að uppbyggingu húss Gísla á Uppsölum í Selárdal ásamt Ómari Ragnarssyni fréttamanni. Er ætlunin að þar megi verða opið safn með minjum og munum sem sýna lifnaðarhætti Gísla.


4. Árni er að ljúka við gerð minnisvarða um Ólaf heitinn Þórðarson fyrrverandi alþingismann. Er verk þetta unnið í samráði við ættingja Ólafs heitins, þingflokk Framsóknarflokksins og fleiri. Verður minnisvarðinn afhjúpaður í Súgandafirði í júnímánuði 2006.
5. Árni starfar reglulega með áhugahópi um bátasafn Gríms Karlssonar í Reykjanesbæ. Bátasafn Gríms er einstakt í heiminum en það samanstendur af um 80 módelum báta og skipa sem Grímur hefur gert auk módelanna annarra módelsmíða.
6. Á undanförunum mánuðum hefur Árni unnið að því fyrir hönd Gríms Karlssonar að semja við norska aðila um kaup á 9 módelum eftir Grím af fyrstu síldveiðibátum íslenska síldarævintýrsins en þeir voru norskir og ýmist gerðir út frá Siglufirði eða lönduðu þar. Unnið hefur verið að þessu verkefni í samstarfi við Glitni hf. og munu módel Gríms verða á sýningum víðsvegar um Noreg á næstunni.
7. Um langt árabíl hefur Árni unnið markvisst að því að auka samskipti og samstarf Íslendinga við Færeyinga og Grænlandinga. Þessari vinnu hefur hann haldið áfram þó svo að hann hafi verið frá um tíma vegna refsivistarinnar.
8. Árni lauk fyrir nokkru útskrift á 30 mínútna langri svítu fyrir símfónuhljómsveit og rythmaband, Sólarsvítunni.
9. Árni er að undirbúa fjöldasöngsplötu með 100 þekktustu barnasöngvum síðustu 50 ára og er undirbúningurinn á lokastigi. Upptökur verða á næstu mánuðum og mun barnakór undir stjórn Margrétar Pálmadóttur syngja með Árna.
10. Árni er að undirbúa fjöldasöngsplötur með 160 vinsælustu almennu sönglögnum á Íslandi síðustu áratugi. Upptökur fara að hefjast og meðal undirleikara verða Magnús Kjartansson píanóleikari og Gunnar Þórðarson gítarleikari.
11. Árni hefur nýverið lokið gerð plötu með 30 lögum og ljóðum Ása í Bæ. 18 landsþekktir hljómlistamenn komu að gerð plötunnar.
12. Árni hefur haft forgöngu um að gera höggmynd í fullri stærð af Ása í Bæ skáldi, trúbadúr og sjómanni. Höggmyndin verður steipt í kopar í Bretlandi á næstu mánuðum.
13. Árni hefur staðið fyrir bryggjuháttíð á Stokkseyri í júlímánuði síðastliðin tvö ár í samstarfi við heimamenn. Þriðja háttíðin er framundan.
14. Árni hefur haft forgöngu um uppbyggingu Herjólfsbæjar í Herjólfsdal í Vestmannaeyjum. Um er að ræða landnámsaldarbæ sem skiptist í langhús og gripahús alls 130 m² að innanmáli. Hleðslu veggja lauk í apríl og er nú unnið að gerð timburvirkis undir þak en yfir það verður lagt torf. Verklök eru áætluð í júlí árið 2006.
15. Undanfarin ár hefur Árni unnið að ljóðabók. Verkinu er lokið og verður bókin væntanlega útgefin fljótlega.
16. Árni vinnur að gerð bókar með óbirtu efni Árna Guðmundssonar frá Vestmannaeyjum, Árna úr Eyjum. Árni úr Eyjum hefur samið marga af mest sungnu textum Íslandssögunnar eins og t.d. Bjartar vonir vakna. Í bókinni verða nokkur hundruð ljóð eftir Árna úr Eyjum frá fyrri hluta síðustu aldar og auk þeirra sögur og leikrit.
17. Árni hefur árlega unnið að gerð dagskrár Sjómannadagsins í Vestmannaeyjum í samráði við Sjómannadagsráð.
18. Árni hefur um 30 ára skeið verið þulur og einn af dagskrárstjórum þjóðháttíðar Vestmannaeyja, elstu og stærstu útiháttíðar sem haldin er á Íslandi.

19. Árni flytur minnst vikulega ræður og stjórnar söng á mannamótum hjá félögum, stofnunum, fyrirtækjum og sveitarfélögum.
20. Árni hefur nýlega lokið við stækkun 60 ljósmynda úr safni sínu en hann tók um 50 þúsund ljósmyndir meðan hann starfaði sem blaðamaður.
21. Á undanförunum árum hefur Árni látið útsetja 25 sönglög eftir sig við ljóð þjóðskáldanna. Löggin 25 eru fyrir karlakóra en 15 af þeim jafnframt fyrir einsöngvara.
22. Árni hefur undanfarið unnið með áhugahópi í Garðinum að því að útvega flygil í gamla félagsheimilið í Garði.
23. Árni hefur ásamt Sigtryggi og Páli Helgasonum unnið að endurbyggingu Blátínds VE 21. Blátíndur er eini báturinn sem eftir er af 80 bátum sem smíðaðir voru í Vestmannaeyjum á síðustu öld. Blátíndur var varðskip í 2 ár í kringum 1950. Endurbyggingu er lokið og vélaskipti standa yfir. Kostnaður við verkið er um 30 milljónir og hefur verkefnið verið styrkt af Alþingi, einstaklingum og fyrirtækjum.
24. Á undanförunum misserum hefur Árni unnið að framgangi og athugun fjölmargra verkefna í áhugamennsku. Má þar nefna athugun á gerð jarðgangna milli lands og Eyja og ferjuhöfn á Bakkafjöru á Landeyjasandi.
25. Árni situr í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins.
26. Árni situr í fulltrúaráði Sólheima í Grímsnesi.

Flest af ofangreindu hefur Árni unnið í áhugamennsku og ekki þegið þóknun fyrir. Hann er 62 ára gamall og er án fastrar atvinnu en vinnur að fjölda þarfra verka af miklum áhuga. Hann hefur í huga að verða sér úti um fasta atvinnu og telur sér það illfært nema hann hafi áður fengið uppreist æru. Tel ég að skilyrði áðurgreindra ákvæða 84. og 85. gr. almennra hegningarlaga séu uppfyllt til að svo megi verða.

Er þess óskað að við beiðni þessari verði orðið og málið afgreitt eins hratt og mögulegt er.

Virðingarfyllst,



Björgvin Þorsteinsson hrl.

Meðfylgjandi:

Bréf Fangelsismálastofnunar dags. 17. maí 2006

Umsögn forseta bæjarstjórnar Vesturbyggðar dags. 21. mars 2006

Umsögn Vilhjálms Péturssonar forstöðumanns Kvíabryggju dags. 28. febrúar 2006


Vesturbyggð 21. mars 2006

Björgvin Þorsteinsson hrl.

Umsögn

Árni Johnsen starfaði hjá okkur í Vesturbyggð að atvinnu- og ferðamálum sumarið 2004. Vinna hans fólst í því að gera úttekt á möguleikum í atvinnusköpun og ferðapjónustu. Skilaði hann því verkefni með sóma, sá ágæti drengur. Fyrir liggur áfangaskýrsla frá honum með um 80 hugmyndum, mögnuð skýrsla sem nýtist okkur vel. Okkar samstarf er eins og best er á kosið og nýtur hann fylsta traust. Í alla staði hefur mátt treysta því sem hann segir og gerir og hann vinnur undur hratt. Árni náði einstaklega traustu og vinsamlegu sambandi við allt fólk sem hann vann með á okkar slóðum og er honum óskað alls velfarnaðar í starfi og leik.

Forseti bæjarstjórnar Vesturbyggðar,


Guðmundur Sævar Guðjónsson.

Kvíabryggju 28.02. 2006

Umsögn um hegðun vistmannsins

Árnar Johnsen.

Kennitala: 010344-4259

Hegðun og frankoma frábær, einnig einstaklega duglegur og samlagaðist vel vistmönnum. Hélt uppi góðum anda í húsinu meðan hann dvaldi á Kvíabryggju.

Virðingarfyllst.


Vilhjálmur Pétursson forstöðumaður.



FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Dagsetning

Tilvísun

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið
Skuggasundi 3
150 REYKJAVÍK

8. ágúst 2006.

/HG

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ	
Bl. 631.4	Áb. ASA
Innk.:	9 AGÚ, 2006
DKM 06060209	


Samkvæmt beiðni ráðuneytisins, staðfestir Fangelsismálastofnun hér með að eftirtalinn dómur hefur borist Fangelsismálastofnun til fullnustu, þar sem **Árni Johnsen**, kt. 010344-4259, hefur verið dæmdur í óskilorðsbundna refsivist:

Dómur Hæstaréttar uppkveðinn 6. febrúar 2003, 2 ára fangelsi.

Fullnusta á framangreindum dómi var sem hér segir:

Árni afplánaði refsingu samkvæmt ofangreindum dómi frá 16. febrúar 2003 – 11. febrúar 2004 er honum var veitt reynslulausn skilorðsbundið í 2 ár. Skilorðstíminn er liðinn.

e. u.


Hafdis Guðmundsdóttir

Tillaga
til handhafa valds
forseta Íslands
um uppreist æru.

Föllunast á tillöguna

Ólafur H. Haarde

Þórunn Þórunn

Árni Johnsen, kt. 010344-4259, til heimilis að
hefur farið þess á leit
að honum verði veitt uppreist æru sinnar, að því er
snertir dóm Hæstaréttar, uppkveðinn 6. febrúar 2003,
þar sem honum var gert að sæta 2 ára fangelsi fyrir
brot gegn almennum hegningarlögum.

Með því að skilyrði þykja nú vera fyrir hendi til þess
að verða við framangreindri beiðni, vil ég leyfa mér
að leggja til, að yður, handhafar valds forseta
Íslands, mætti þóknast

að veita nefndum Árna Johnsen uppreist æru sinnar
að því er snertir framangreindan dóm.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,
25. ágúst 2006.

Allravríðingarfyllst,

Þórunn Þórunn

Ólafur H. Haarde

Reykjavík, 28. ágúst 2006

Þórunn Þórunn